

Sveinn Ólafsson - framboð til stjórnar Visku 2025



Ég heiti Sveinn og býð mig fram til stjórnar Visku 2025. Ég vil nýta þekkingu mína og reynslu þar.

Ég lauk B.A. gráðu í bókasafns- og upplýsingafræði frá HÍ 1997, M.Sc. gráðu í Information and Library Studies frá University of Strathclyde í Skotlandi 2000 og MPA gráðu í opinberri stjórnsýslu frá HÍ 2024.

Ég hef víðtæka starfsreynslu bæði á almenna markaðnum og hjá hinu opinbera. Ég vann við Háskólann á Bifröst 1997–1999, í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti 1999, hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 2000–2008, hjá Heilbrigðisvísindabókasafni Landspítala – háskólasjúkrahúsi 2008–2011, hjá Matvælastofnun 2012–2017 og hjá Samgöngustofu síðan 2017. Störf mín hafa verið við umsjón bókasafna, umsjón rafrænna gagna, skjalastjórnun, vefstjórnun og tengd störf. Ég var ritstjóri fagtímaritsins *Bókasafnið* 2016–2018.

Ég hef langa reynslu af starfi við kjaramál á vettvangi stéttarféлага. Ég tók sæti í stjórn SBU árið 2009 með það að leiðarljósi að vinna til baka þá kjaraskerðingu sem hafði orðið í hruninu og hef setið með hléum í stjórn stéttarfélagsins síðan þá, fyrst SBU og síðan Visku. Ég gegndi embætti formanns SBU á árunum 2011–2013. Ég hef setið í samninganefndum BHM og vann að gerð kjarasamninga árin 2011, 2015 og 2019.

Ég tel efst á baugi að ná inn hlutdeild almenns launafólks í þeim hagvexti sem hefur orðið síðan 2019, að rétta hlut kvennastétta hjá opinberum aðilum eftir samkomulagi frá 2016 og að viðhalda kaupmætti í verðbólgutíð. Sá hópur sem vinnur leynt og ljóst gegn samtakamætti stéttarféлага er orðinn áberandi í íslensku samfélagi og mun aðeins færa sig upp á skaftið. Það er hlutverk Visku að leyfa ekki þessum hópi að vaxa ásmegin.

Bestu kveðjur,
Sveinn Ólafsson